

## Svar

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um styrki til atvinnumála kvenna.

1. *Hver eru markmið styrkja til atvinnumála kvenna sem félagsmálaráðuneytið úthlutar fé til árlega?*

Tilgangur styrkveitinga er einkum að auka fjölbreytni í atvinnulífi, viðhalda byggð um landið, efla atvinnutækifæri á landsbyggðinni, auðvelda aðgang kvenna að fjármagni og draga úr atvinnuleysi meðal kvenna.

2. *Hve margir styrkir hafa verið veittir árlega frá árinu 1995 og hver er fjárhæð þeirra, sundurgreint?*

3. *Hvernig er landfræðileg dreifing styrkjanna eftir árum?*

### Styrkveitingar frá árinu 1995.

	1995	Fj.	1996	Fj.	1997	Fj.	1998	Fj.	1999	Fj.	2000	Fj.	2001	Fj.
Höfuðborgarsv.	1.500.000	11	13.992.000	15	6.025.000	22	6.215.000	26	2.075.000	11	4.477.000	13	7.260.000	11
Vesturland	1.945.000	9	2.212.000	8	975.000	8	1.870.000	13	2.200.000	14	3.189.000	12	2.425.000	8
Vestfirðir	835.000	6	500.000	2	1.270.000	6	1.315.000	6	2.318.000	12	2.190.000	10	2.270.000	10
Norðurland v.	700.000	6	4.585.000	6	450.000	3	4.585.000	9	4.160.000	13	4.437.000	11	2.765.000	6
Norðurland e.	3.300.000	10	4.830.000	10	1.900.000	8	4.250.000	10	1.900.000	8	1.583.000	5	4.720.000	10
Austurland	1.150.000	6	1.400.000	2	1.285.000	8	2.801.125	9	1.150.000	6	1.113.000	5		
Suðurland	400.000	3	3.600.000	3	300.000	2	980.000	5	3.020.000	13	1.073.000	5	660.000	3
Suðurnes	410.000	3	1.000.000	1	650.000	2	190.000	1	300.000	1	895.000	2		
Útlönd/ landið allt	300.000	2	600.000	1										
	10.540.000	56	32.719.000	48	12.855.000	59	22.206.125	79	17.123.000	78	18.957.000	63	20.100.000	48

4. *Hvernig er styrkjunum úthlutað?*

Styrkirnir eru auglýstir í fjölmiðlum a.m.k. einu sinni á ári og sótt er um þá á þar til gerðum eyðublöðum. Lögð hefur verið áhersla á að greinargóð lýsing á verkefni fylgi umsóknum ásamt sundurliðaðri kostnaðaráætlun. Þarf að koma fram hvort leitað hafi verið til annarra um fjárstyrk.

Hámarksstyrkur er 2,5 millj. kr. en þó er einungis heimilt að veita stofnstyrki að hámarki 25% af stofnkostnaði verkefnis vegna véla- og tækjakaupa og einnig vegna húsnæðis. Að öðru jöfnu nemur framlag af hálfu ríkisins ekki meira en 50% af heildarkostnaði við verkefnið. Óheimilt er að veita rekstrarstyrki né heldur eru veittir styrkir til verkefna sem eru í samkeppni við aðila í hliðstæðum atvinnurekstri. Við ráðstöfun fjárins hefur einkum verið tekið mið af nýsköpunarverkefnum sem þykja líkleg til að fjölga atvinnutækifærum kvenna. Er það skilyrði að verkefni séu atvinnuskapandi þar sem ekki er veittur styrkur til annarra verkefna. Þá eru ekki veittir styrkir til verkefna sem njóta greiðslna úr almannatryggingakerfinu né heldur til listiðnaðar en þó er tekið tillit til nytjalistar.

Umsóknir eru metnar út frá verkefnum þar sem leitast er við að styrkja góðar og fram-sæknar hugmyndir en ekki er lögð sérstök áhersla á jöfnuð milli landshluta. Engu að síður er svæðum þar sem hlutfall atvinnulausra kvenna er hátt og fábreytni er í atvinnulífi veitt sérstök athygli.

*5. Hvernig eru umsóknir metnar og gerðar um þær tillögur?*

Félagsmálaráðherra tekur á hverjum tíma ákvarðanir um úthlutun styrkjanna. Upphaflega voru styrkjatillögur til ráðherra undirbúnaðar í ráðuneytinu í samvinnu við starfsmenn Bygðastofnunar. Fljótlega var skipaður sérstakur ráðgjafarhópur sem í sitja níu fulltrúar tilnefndir af atvinnuráðgjöfum á landsbyggðinni og er honum ætlað að vera ráðherra til ráðgjafar. Fulltrúi höfuðborgarsvæðisins er tilnefndur af Samtökum sveitarfélaga á höfuð-borgarsvæðinu.

Fulltrúi hvers svæðis fer sérstaklega yfir umsóknir sem hafa borist frá svæði hans. Síðan hittast allir fulltrúarnir til að meta endanlega framkomnar umsóknir og sameinast um tillögur til ráðherra. Þessi ráðgjafarhópur hefur sett sér sérstakar úthlutunarreglur sem voru fyrst notaðar við úthlutun árið 2001. Þar kemur fram að þeim umsóknum sem teljast uppfylla skilyrði um styrkveitingu eru gefnar einkunnir þar sem annars vegar nýnæmi verkefnis er metið og hins vegar raunhæfi. Gert er ráð fyrir að einkunnagjöfin ráði því hvaða verkefni fá styrki.

*6. Hvaða eftirlit er haft með því að verkefnum sé hrint í framkvæmd?*

Félagsmálaráðherra sendir bréf til þeirra umsækjenda sem fengið hafa samþykktan styrk þar sem fram kemur til hvaða verkefnaþátta styrkurinn er ætlaður. Vinnumálastofnun sér um útborgun styrkja og hefur eftirlit með ráðstöfun styrkveitingar. Styrkurinn er greiddur út við afhendingu afrita reikninga sem falla að skilyrðum styrkveitingarinnar og er með því komið í veg fyrir að greiddir séu út styrkir til verkefna sem ekki eru framkvæmd.

Árið 1998 var gerð úttekt á vegum Vinnumálastofnunar á nýtingu styrkja til atvinnumála kvenna. Sú skýrsla gefur góða sýn á viðhorf styrkþega til sjóðsins og greinir megináherslur þeirra. Hins vegar er hún ekki örugg heimild til að byggja á um framkvæmd verkefna vegna dræmrar svörunar í spurningalistakönnun þeirri sem skýrslan er byggð á.

*7. Hafa orðið breytingar á umsóknunum og ef svo er, hverjar eru þær og er þá ekki þörf á að breyta fyrirkomulagi við mat og tillögugerð?*

Á fyrstu tveimur árum sjóðsins einkenndust styrkveitingar af átaksverkefnum á vegum hinna ýmsu sveitarfélaga og styrkveitinga til þriggja kvennaráðgjafa sem skyldu vinna að málefnum kvenna á þremur stöðum á landinu. Næstu ár jókst hlutur einstakra kvenna til styrkveitinga og jafnframt kvennahópa. Einstök verkefni hafa verið af margvíslegum toga en framan af einkenndust þau einkum af tengingu við handverksiðnina, svo sem þrjón, saum, útskurð og annað.

Almennt hafa verkefni og umsóknir farið stækkandi og þó enn sé nokkuð af verkefnum sem þótt hafa einkenna verkefnaval kvenna, þá hafa þau vaxið mikið að umfangi. Einnig hefur fjölgað umsóknum til verkefna sem eru af allt öðrum toga og verkefni eru stærri og viðameiri og krefjast meira fjármagns.